

Aldarspegill

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fyrsta framtakið í nýbyggingu Listasafns Íslands er sýning, sem hefur hlotið nafnið „Aldarspegill“ og mun eiga að vera þverskurður á íslenskri myndlist í eigu safnsins frá aldamótum.

Að auki hangir uppi eitt stórt málverk eftir Danann nafnkunna, Mogens Andersen, sem hann gaf safninu í minningu dr. Selmu Jónsdóttur.

Að sjálfsögðu kom ekki annað til mála en að sýna íslenska myndlist á þessum sögulegu tímamótum, en um leið verður form þessarar sýningar ósjálfrátt til að leiða í ljós hið takmarkaða sýningarrými á mjög ótvíræðan hátt.

Safnið er nefnilega alls ekki í stakk búið til þess að hýsa jafn umfangsmikla sýningu svo vel fari, enda saknar maður alltof margra, sem hafa verið mikilvirkir á tímabilinu og umfram allt mikilvirkir á eigin heimaslóðum.

Ef vel hefði átt að vera um kynningu einstakra listamanna og málverkaneignar safnsins, hefði verið æskilegt að skipta sýningunni í tvennt og þó frekar þrennt og enda þá á grafík, vatnslitamyndum og teikningum.

Ég skil ekki til fulls aldarspegil myndlistar er gleymir með öllu listamönnum svo sem bræðrunum Benedikt og Veturlíða Gunnarssonum, Einar Þorlákssyni, Hringi Jóhannessyni, Kjartani Guðjónssyni og Sveini Björnssyni. Allir hafa þeir markað nokkur spor í íslenskri myndlist og öllu dýpri en ýmsir þeir sem eiga verk á sýningunni. Þá eru þeir allir gjörólfskir innbyrðis og hefðu því tvímælalaust aukið á fjölbreytni heildarmyndarinnar.

Ég er á engan hátt að halda því fram, að það hefði þurft að sýna sem mest, heldur tel ég, að hér hefðu þurft að koma til skipulegrar vinnubrögð í samræmi við stærð safnsins. Einnig hefði verið hægt að leysa málið með því að takmarka fjölda verka hvers einstaklings við 2–3 myndir. Hér er um opunar- og vígslusýningu að ræða og jafnframt kynningu á íslenskri myndlist og málverkaneign safnsins og bar

að fara varlega í að koma með persónulegt mat á framlagi hvers og eins en láta myndverkin tala. Sú stefna á enda sívaxandi fylgi að fagna í útlandinu sbr. hið mikla Orsay-safn í París er opnað var á sl. ári og gefur mjög raunsanna mynd af því, sem gerðist í franskrí myndlist á nítjándu öld.

Forsjáráttan hefur þannig vikið fyrir yfirvegaðri miðlun upplýsinga um það, sem gerðist á hverju tímabili fyrir sig og ótvírætt gildi hafði fyrir þróunina.

Þetta er stórt skref í burt frá miðstýringu í átt til lýðræðis, og viljum við vera með í þróuninni, eigum við að meðtaka þessa nýju og fersku strauma frá útlandinu, því að þeir eru með því verðmætasta, sem fram hefur komið lengi í safnmálum ytra.

Hins vegar hefur um leið komið til önnur og öllu harðsoðnari þróun, sem hefur gert það að verkum, að núlistasöfn vestan hafs og austan eru öll að verða eins. Menn sjá sömu verkin í hinum ýmsu útgáfum á hverju safninu á fætur öðru, þannig að þær raddir verða stöðugt háværari, að menn þurfi einungis að skoða eitt núlistasafn eða eina stóra núlistasýningu og þá sé öldungis óþarfi að ómaka sig á fleiri staði.

Hér er um ofurvald listamarkaðsins að ræða og nú þegar liggja safnstjórar undir harðri gagnrýni fyrir að hafa verið of bráðir í listaverkakaupum á undanförunum árum og látið miðstýrðan markaðinn hafa áhrif á innkaup sín. Viðkomandi hafa viljað draga dóm af einstaka forvitnum safnstjórum, en án þess að hafa til að bera hæfileika þeirra og þefvísu á lifandi listir. Ég skal fúslega játa, að ég met söfn öllu frekar eftir sérkennum þeirra en að vera í samræmi við einhverjar fræðikenningar um það, hvornig þau eigi að vera, — fræðikenningar, sem úreltast hraðar og hraðar.

— Þessar hugleiðingar mínar eru hér settar fram til að árétta þá vissu mína, að því sérstæðara og íslenskra sem Listasafn Íslands verður þeim mun meiri virðingar mun það einnig njóta á erlendum vettvangi. Við eigum ekki að sækjast eftir því að fá viðurkennandi klapp á öxlina fyrir það, að vera þeim í einu og

öllu sammála, sem í útlandinu búa.

Ég á hér sístur manna við, að hér skuli ræktuð útkjálkahyggja, því að ég geri hér ekki upp á milli listastefna — heldur að íslensk ein-kenni skulu ræktuð í hvaða mynd sem þau birtast, hversu raunsæ sem þau kunna að vera, immsæ ellegar óhlutlæg. Hið mikilvægasta er hér fordómaleysið, sjálfstæðið og við-sýnið.

Hér er ég hvorki að læða að einhverri alsherjarlausn eða vera með beina fhlutun um stefnumörk safnsins, en eins og sýningin er sett upp og staðið er að þönkum um íslenska nútímalist í hinni veglegu sýningarskrá, sem í raun er heil bók — þá er tilefni slíkra vangaveltna bókstaflega lagt upp í hendurnar á þeim, er hér ritar.

— Það er skilmerkilega sagt frá hinum ýmsu atriðum varðandi til-orðningu safnsins í sýningarsskránni en þegar kemur að hugleiðingum Halldórs Björns Runólfssonar list-sagnfræðings, verður annað uppi á teningnum og þá einkum hvað varðar síðustu kafla ritgerðarinnar.

Í stað eins hlutlausrar og greinar-góðrar miðlunar á staðreyndum og unnt er að bera á borð um íslenska myndlist í jafn mikilvægan annál, er hér komin hátimbruð annarleg sögusköðun og persónulegt mat listsögufraðingsins á þróuninni og framlagi einstakra myndlistar-manna.

Það er fullkomlega réttlætianlegt, að slík ritgerð birtist í tímariti, sem gefið er út af listhópi eða stjórnmálaáðflum, sem vilja halda sínum sérsköðunum fram, hvað sem það kostar. En það er öllu alvarlegra mál, er slíkt ratar inn í jafn mikilvæga opinbera heimild og telja verður þessa sýningarskrá og vera auk þess þýðda á heimstungu.


Hér er verið á beinan og óbeinan hátt að vegna og meta hlut einstakra á þann veg, að hlutur sumra er gerður öllu meiri en menn kannast almennt við að hann sé, annarra minni, og enn aðrir gleymast með öllu — eru einfaldlega afhausaðir!

Í þessum tilgangi er jafnvel vísvitandi farið rangt með ártöl — og ef svo er ekki, væri ákaflega fróðlegt að vita hvaðan heimildirnar eru komnar.

Það getur skipt miklu fyrir listamenn, að hér sé farið rétt með ártöl, því það er tvennt ólíkt að hafa verið á undan þróuninni og mitt í henni en á eftir. Einkum í ljósi þess hve þróunin gerist hratt nú til dags. Á ég hér m.a. við frá mínum bæjar-drym séð, að ég er í útdrúð eða framhjálaupi sagður hafa farið að auka við málverk mín fundnu fjörudóti upp úr 1976, eftir að hafa þrætt stígu lágmyndamálverks með upphleyptum formum. Rétt er að ég hafði haldið heilar þrjár sýningar á slíku fyrir árið 1970. Í Listamannaskálanum 1966 og Unuhúsi við Veghúsastíg 1967 og 1969.

— Það væri og ákaflega fróðlegt að vita, hver réttarstaða íslenskra myndlistarmanna er gagnvart slíkum skrifum. Víst má telja það sanngirniskröfu, að Listasafn Íslands verði í framtíðinni meira á verði um að hlutdrægniskrif komist ekki í annála þess...

Að öðru leyti má telja sýningar-skrána hina prýðilegustu heimild, auk þess sem hún er fallett og eignelegt rit. Hugmyndin um form sýningarinnar er og ágæt í sjálfa sér en sem fyrr segir er safnið ekki í stakk búið til að framfylgja henni



með nægilegri reisu.

Sýningin er og hin áhugaverðasta á köflum og myndirnar verða vísast mörgum tilefni drjúgra hugleiðinga um íslenska myndlist. Myndirnar njóta sín misvel á veggjunum og er áberandi, að menn eru að þreifa fyrir sér um hina ýmsu möguleika hússins, sem er eðlilegur hlutur. Salur brautryðjendanna Þórarins B. Þorlákssonar, Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar Kjarvals er langsamlega samstæðastur, en hins vegar er salur yngstu kynslóðarinnar ósamstæðastur, enda erfiðastur viðfangs og ætti einungis að hýsa hinna smærri og meðalstóru myndir ásamt gólfverkum. Höggmyndirnar njóta sín engan veginn og þrívíð mynd Rögnu Róbertsdóttur, sem gerð er í manillareipi, er nær samtílit gólfinu og nýtur sín því ekki til fulls. Það er í mörg horn að líta um nýtingu hússins og rétt að reifa þau mál í upphafi.

Víst er að margur mun hafa mikið gagn af að skoða þessa sýningu af opnum huga, hvortveggið gamalt sem nýtt, og eftir því sem meira kemur í ljós af eigin safnsins munu menn geta gert sér gleggri grein fyrir stöðu og styrk íslenskrar myndlistar. Og það er fyrir öllu, enda megintilgangur hvers metnaðarfulls þjóðlistasafns að gera hér sem best.

Leiðrétting

Í grein mína um Listasafn Íslands, sem birtist sl. sunnudag slæddust nokkrar villur en flestar meinlausar og raska ekki orðlagi og málsgrein nema ein. Í upphafi annars dálks kemur fram í byrjun málsgreinar „Umhyggjan byrjun hér ríkjum...“ en átti að vera „Naumhyggjan ræður hér ríkjum...“.

Þar sem alllangt er frá naumhyggju til umhyggju þótti mér réttast að vekja athygli hér á.

Góð veiði og gott veður á loðnumiðunum

MJÖG góð veiði var á loðnumiðunum yfir helgina. Í síðustu viku veiddust alls 92.315 tonn og eru þá um 205.000 tonn eftir af veiðinni. Loðnumiðin eru nú fyrir utan Ingólfshöfða og Stokksnes og hefur verið gott veður þar.

Á föstudag veiddust 10.660 tonn af loðnu og eftirfarandi skip tilkynntu um afla: Ísleifur VE 730, Hrafn GK 600, Bjarni Ólafsson AK 1120, Þórshamar GK 600, Huginn VE 590, Húnaröst ÁR 620, Svanur RE 700, Þórður Jónasson EA 650, og Galti ÞH 550.


Á laugardag veiddust 11.190 tonn af loðnu og eftirfarandi skip tilkynntu um afla: Gullberg VE 620, Fífill GK 640, Eskfirðingur SU 570, Gígja VE 700, Beitir NK 1200, Hilmir II. SU 580, Kap II. VE 710, Harpa RE 600, Sigurður RE 1400, Hákon ÞH 980, Erling KE 650, Guðrún Þorkelsdóttir SU 350, Rauðsey AK 570, Dagfari ÞH 490, Guðmundur Ólafur ÓF 600, og Helga II. RE 530. Á sunnudag veiddust 21.560 tonn af loðnu og eftirfarandi skip tilkynntu um afla: Magnús NK 510, Örn KE 750, Galti ÞH 520, Sighvatur Bjarnason VE 680, Bergur

VE 530, Keflvíkingur KE 540, Eskfirðingur SU 610, Víkurberg GK 560, Svanur RE 700, Þórður Jónasson EA 680, Huginn VE 580, Súlan EA 780, Hilmir II. SU 580, Albert GK 700, Gíslí Árne RE 640, Sjávarborg GK 800, Bjarni Ólafsson AK 1100, Hilmir SU 1000, Guðmundur VE 900, Gullberg VE 600, Grindvíkingur GK 950, Gígja VE 770, Pétur Jónsson RE 1050, Harpa RE 610, Jón Kjartansson SU 1100, Júpiter RE 1350, Höfrungur AK 920, og Eldborg GK 1050.

Á mánudag veiddust 7.270 tonn af loðnu og eftirfarandi skip tilkynntu um afla: Erling KE 670, Þórshamar GK 600, Hrafn 650, Helga II. RE 530, Sigurður RE 1400, Kap II. 680, Ísleifur VE 730, Húnaröst ÁR 600, Helga III. RE 440, Dagfari ÞH 520, og Fífill GK 450.

Um klukkan fjögur í gær, þriðjudag, höfðu eftirfarandi skip tilkynnt um afla: Eskfirðingur SU 600, Galti ÞH 550, Guðmundur Ólafur ÓF 600, Víkingur AK 1300, Rauðsey AK 620, Sjávarborg GK 800, Sighvatur Bjarnason VE 650, og Bergur VE 530.

ASEA
MÓTORAR



RÖNNING SUNDABORG 15/104 REYKJAVÍK/SÍMI (91)84000



Sólbaðsstofur — Söldýrkendur
„Superperan COSMOLUX® S“ tryggir árangurinn.

COSMOLUX®-S
CA1-12-100 W

PREHEAT-BIPIN
Made in W. Germany